

## **Bréf 0-50 g**

### **Almennur bréfapóstur innanlands 0-50 g**

Almennur bréfapóstur, 0-50 g, er áritaður á nafn viðtakanda og er ekki umfangsmeiri en almenn stærðarmörk póstlúgu. Almenn bréf eru ekki rekjanleg.

### **Stærðarmörk**

Hámarksstærð miðast við almenn stærðarmörk póstlúgu: lengd x breidd x hæð: 260 x 350 x 25 mm. Stærðarmörk póstlúgu eru skv. byggingareglugerð.

Hámarksstærð, vélflokkanleg: Lengd x breidd x hæð: 250 x 180 x 5 mm.

Lágmarksstærð: Umslag: 90 x 140 mm.

Lágmarksstærð, vélflokkanleg: Lengd x breidd x hæð: 160 x 90 x 0,2 mm.

### **Innihald**

Eftirfarandi innihald er óheimilt að senda hér á landi:

1. Efni sem stafar af eld- eða sprengihætta og önnur hættuleg efni.
2. Eiturlyf og ofskynjunarefni, nema til læknisfræðilegra eða vísindalegra nota.
3. Geislavirk efni.
4. Hluti sem geta skaðað póststarfsmenn, óhreinkað eða skemmt aðrar sendingar eða tæki Póstsins.
5. Lifandi dýr.
6. Fersk matvæli, frosin, reykt eða óelduð, sbr. kjöt, fiskur, egg eða annað matarkyns sem getur skemmt í flutningum. Ef senda þarf lífræn efni, t.d. lífsýni í pósti, verður að senda slíkar sendingar í ábyrgðarpósti eða í pakkapósti.

### **Þjónustu- og gæðastaðlar**

Gæði þjónustunnar miðast við að lágmarki að 85% af bréfum sé dreift til viðtakanda þremur virkum dögum eftir póstlagningu (D+3), ef póstlagt er fyrir síðasta skilgreinda póstlagningartíma, nema til og frá þeim stöðum sem hafa að jafnaði einn virkan dag til viðbótar í flutningi milli svæða. Síðasti skilgreindi póstlagningartíminn Hér má sjá síðasta [skilgreinda skilatíma](#) fyrir hvert póstnúmer. Á höfuðborgarsvæðinu eru póstkassar tæmdir kl. 15:00. Á einstaka pósthúsum á landsbyggðinni geta tímamörk verið önnur sökum flutninga á svæðinu.

### **Afhending**

Að jafnaði eru almenn bréf borin út til viðtakenda á tímabilinu 9:00 – 17:00 frá mánudegi til föstudags. Undantekningar frá þeirri reglu eru einstaka staðir í dreifbýli þar sem borið er út þrjá daga vikunnar.

### **Burðargjald og póstlagningarmáti**

Burðargjald telst greitt ef á bréfið er límt frímerki, rituð 5 stafa talnaruna SMS frímerkis eða það stimplað með svokölluðu gjaldmerki. Til gjaldmerkja teljast frímerki og SMS frímerki. Bréf sem eru með þesskonar gjaldmerki má póstleggja í póstkassa, á pósthúsi og hjá fyrirtækjaþjónustu Póstsins.

### **Afslættir**

Ekki eru veittir afslættir af almennum bréfum, 0-50 g nema um mikið magn sé að ræða en þá er veittur magnafsláttur miðað við póstlagt magn einsleitra bréfa í einu og skilgreinast þau þá sem magnpóstur. Lágmarksfjöldi póstlagður í einu til að skilgreindur sé sem magnpóstur er 500 stk. og afsláttur tekur gildi við 1000 stk.

### **Áritun og merkingar**

Póstfang viðtakanda skal rita á svæði sem er a.m.k. 4 cm fyrir neðan efri brún bréfsins að framan og a.m.k. 1,5 cm frá vinstri hlið, a.m.k. 4 cm frá hægri hlið og 2,5 cm frá neðri brún. Á svæðinu skulu ekki vera aðrar upplýsingar en þær sem tengjast beint póstfangi viðtakanda. Komi heimilisfang sendanda fram á bréfinu skal það vera uppi í vinstra horni bréfsins og ekki ná lengra frá efri brún bréfsins en 4 cm. Rita skal nafn viðtakanda í nefnifalli. Fyrir neðan er ritað heimilisfang í þágufalli og fyrir neðan heimilisfangið er ritað póstnúmer og heiti bæjarfélags/borga, r einnig í þágufalli. Ef viðtakandi vill fá bréfið afhent í pósthólf er númer pósthólfsins ritað í stað heimilisfangs og póstnúmer pósthólfsins ritað í stað póstnumers bæjarfélagsins þar sem við á. Gjaldmerki skal líma/stimpla/skrifa í efra hægra horn bréfsins utanáskriftarmegin. Ef bréf teljast sem vélflokkanleg og sendandi vill njóta þeirra kjara fyrir magnpóst þá skal fylgja reglum um áritun.

### **Endursendingar, áframsendingar og biðpóstur**

Endursending/vanskilasendingar: Ef viðtakandi finnst ekki samkvæmt utanáskrift bréfsins og tilraunir til að finna nýtt aðsetur viðtakanda reynast árangurslausar er bréfið endursent til sendanda nema ef greitt hefur verið fyrir áframsendingu á nýtt póstfang. Ef sendandi er ekki þekktur er bréfið geymt í a.m.k. tvo mánuði, en að þeim tíma liðnum er því eytt. Sendandi getur límt miða eða forprentað á sendinguna þar sem beðið er um að fá bréf endursent með réttu póstfangi ef viðtakandi finnst ekki samkvæmt utanáskrift.

Áframsending: Ef viðtakandi hefur tilkynnt flutning og biður um áframsendingu á nýtt póstfang þarf að greiða mánaðarlegt gjald. Ef ekki hefur verið greitt fyrir áframsendingu er bréfið endursent; berst það á gamla heimilisfangið.

Áframsending til útlanda: Almennum bréfum er safnað saman, þau sett í safnumslag og send til viðtakanda sem hefur greitt áframsendingargjald vikulega.

Biðpóstur: Biðpóstur er í boði ef geyma þarf póst tímabundið.

### **Skaðabætur**

Ekki eru greiddar skaðabætur fyrir almennan bréfaþóst, hvorki af tjóni, afleiddu tjóni né seinkun.

### **Viðbótarþjónusta**

Svarsendingar.

### **Förgun bréfaþósts**



Förgun bréfaþósts nær yfir almennan bréfaþóst 0-50 g. Engin ábyrgð er tekin á almennum bréfum og þau eru ekki rekjanleg. Grunnjald miðast við mánuð – Geymsla, flokkun og keyrsla í förgun. Förgunargjald er miðað við hvert kíló sem þarf að farga.

**Verkbeiðni almennra bréfa**

Verkbeiðni þarf að fylgja öllum bréfaþósti. Þjónustan á við um viðskiptavini sem eru með Póststoð Póstsins auk þess að vera í reiknisviðskiptum. Ef verkbeiðni fylgir ekki þá býr fyrirtækjapósthus til beiðni sem verður skuldfærð á fyrirtækið. Ef beiðni kemur ekki útfyllt þá er farið eftir talningu Íslandspósts.